

Sjónarmið Ríkisendurskoðunar um fjárreiður ríkisins

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Bætt umgjörð fjárlagagerðar, horft til framtíðar
Fundur á Grand Hótel, 25. janúar 2012



Umfjöllunarefni

- Fjárstjórnarvald Alþingis
- Lög um fjárreiður ríkisins
- Sérákvæði um reikningsskil ríkisins
- Fjáraukalög, mörkun tekna, flutningur fjárheimilda
- Skuldbindingar til langs tíma og álitamál í því sambandi



Styrkja þarf fjárstjórnarvald Alþingis

- Alþingi fer með fjárstjórnarvaldið skv. stjórnarskránni
- Alþingi hefur með ýmsum hætti framselt fjárstjórnarvald sitt til ráðherra
- Samþykki þingsins er veitt eftir á með fjárákálögum og lokafjárlögum
- Styrkja þarf fjárstjórnarvald Alþingis og auka aga í fjárlagagerð og fjárlagaframkvæmd



Lög um fjárreiður ríkisins þarf að endurskoða

- Lög um fjárreiður ríkisins sett árið 1996
- Skuldbindingar vegna lífeyris færðar í fjárlög og ríkisreikning
- Reikningsskilareglur hafa þróast mikið frá því lögin voru sett og ýmis álitamál vaknað
- Fjárlagagerð og reikningshald ríkisins þurfa að ná með fullnægjandi hætti til fjárskuldbindinga til langs tíma



Sérákvæði um reikningsskil ríkisins

- Nokkur sérákvæði eru í lögum um fjárreiður ríkisins
- Slík frávik hafa ekki bein áhrif á það með hvaða hætti ríkisábyrgðir og aðrar fjárskuldbindingar eru sýndar, en geta flækt beitingu annarra reikningsskilaregla
- Mikilvægt er að fækka sem mest sérákvæðum um reikningsskil ríkisins



Fjáralög

- Fjáralög notuð til þess að auka við útgjöld miðað við fjárlög viðkomandi árs
- Tímabilið 2003 til 2007 voru útgjöld hækkuð að meðaltali um 6% frá fjárlögum, en hlutfallið hefur dregist saman
- Meiri aga gætir því nú en áður þegar kemur að því að samþykkja ný útgjöld, en aukning útgjalda er ennþá nokkuð mikil



Mörkun tekna

- Hvernig á að fara með frávík ríkistekna sem færðar eru hjá stofnunum?
- Fjárheimildum breytt með lokafjárlögum til samræmis við frávikið
- Kveða þarf á um í fjárreiðulögnum hvort og þá með hvaða hætti fjárheimildum er breytt með þessum hætti
- Æskilegt er að draga úr mörkun tekna



Flutningur fjárheimilda milli ára

- Fjárreiðulög gera ráð fyrir að heimilt sé að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs og að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins
- Í lokafjárlögum er leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára
- Ákveðið verklag hefur gilt um þennan flutning



Flutningur fjárheimilda milli ára (framh.)

- Ef fjárheimildastaða er flutt milli ára þarf að vera fyrirsjáanlegt hvaða afgangsheimildir og umframgjöld flytjast til næsta fjárlagaárs
- Reynslan hefur sýnt að sveigjanleiki í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hefur í sumum tilvikum leitt til agaleysis
- Umfang fluttra fjárheimilda orðið of mikið



Skuldbindingar til langs tíma

- Ákvarðanir um að ráðast í verkefni geta kallað á útgjöld mörg ár fram í tímann
- Formleg heimild til að stofna til útgjalda er aðeins veitt í fjárlögum til eins árs í senn, en 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins heimilar gerð samninga til margra ára
- Ástæða er til þess að Alþingi fjalli um og afgreiði með formlegum hætti skuldbindandi útgjöld til margra ára



Skuldbindingar til langs tíma (framh.)

- Dæmi um skuldbindingar:
 - Skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda A-deildar LSR og vegna bakábyrgða ríkisins vegna skuldbindinga annarra en ríkisins vegna B-deildar
 - Samningar um leigu til langs tíma
 - Samningar um einkaframkvæmdir
 - Samningar um styrki
 - Yfirlýsingar um ríkisábyrgð á innstæðum í bönkum

